

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Borgarnesi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi bæjarins eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3,0%
Raðhús og parhús einnar hæðar	2,0%
Raðhús og parhús tveggja hæða	1,8%
Tvíbýlishús, tveggja hæða	1,8%
Fjölbýlishús	0,8%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsn.	2,0%
Opinberar byggingar	3,0%
Bílskúrar	3,0%
Önnur hús	1,0%

Gjald af fermetra lóðar verði kr. 50.00.

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bilgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Gjald dagar gatnagerðargjalds, skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingaleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

6. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseiganda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðs-

hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Raðhús og parhús einnar hæðar	1,0%
Raðhús og parhús tveggja hæða	0,9%
Tvíbýlishús tveggja hæða	0,9%
Fjölbýlishús	0,5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði ..	1,0%
Opinberar byggingar	1,5%
Bílskúrar	1,5%
Önnur hús	0,5%

Gjald af fermetra lóðar verði kr. 30.00.

Gjald af íbúðarhúsnaði skal þó aldrei miðast við minna hús en 300 m².

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur, þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum. Sveitarstjórn getur sett nánari ákvæði um innheimtu gjalda samkv. 6. gr.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það, ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1976.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.